

88
20. júní

Reglugjörð

um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga.

Stjórnarráð Íslands hefir 20. júní 1912 gefið út svofelda reglugjörð um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga, samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóvember 1905.

1. gr.

Bryggjan er í umsjón hreppsnefndarinnar í Ytra-Akraneshreppi. Hún hefir sjerstakan reikning, sem miðast við almanaksár og sje endurskoðaður og úrskurðaður af sömu mönnum og reikningur hreppsins. Hreppsnefndin innheimtir eða lætur innheimta gjöld fyrir notkun bryggjunnar samkvæmt reglugjörð þessari og gerir reikningsskil fyrir þeim, gegn 5% innheimtulaunum. Ársreikningur skal sendur stjórnarráðinu.

2. gr.

Ef árleg gjöld fyrir notkun bryggjunnar hrökkva eigi til greiðslu afborgunar og vaxta af byggingarskuld hennar og til viðhalds henni, skal það, er til vantar, greitt úr hafnarsjóði verslunarstaðarins, meðan hann hrökkur til, en síðan úr hreppssjóði, gegn endurgjaldi af sjóði bryggjunnar, þegar betur lætur. Ef reynslan sýnir að bryggjan ber sig ekki fjárhagslega með gjöldum þeim, sem ákveðin eru í 3. gr., gerir hreppsnefndin tillögur um hækkun þeirra.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun bryggjunnar skulu ákveðin þannig:

- | | | |
|---|----|-------|
| a. fyrir hver 100 kílógrömm af kolum og saltfiski, sem flutt eru að henni eða frá | 2 | aurar |
| b. fyrir hverja 10 fiska blauta (ef ekki eru í umbúðum) | 3 | — |
| c. fyrir hverja tunnu salts | 2 | — |
| d. fyrir hvern teningsmeter af timbri | 10 | — |
| e. fyrir hvern stórgrip | 10 | — |
| f. fyrir hverja sauðkind | 2 | — |
| g. fyrir hvern heykapal | 3 | — |
| h. fyrir hvert stykki (collo) af öðrum flutningi | 2 | — |

Gjaldið greiðir sá, er veitir vörinni móttöku eða sendir hana burtu. En **88** ef skipið eða báturinn hefir ekki farmskrá eða önnur skirteini, er beri með sjer **20. júní** hverjir sjeu mótakendur eða sendendur, greiði formaður gjaldið. Það má taka lögtaki. Skip og bátar úr plássinu, sem koma af fiskiveiðum, greiða ekkert gjald af afla sínum, sem lagður er upp á bryggjuna.

Hreppsnefndin má semja svo um við kaupsýslanir og einstaka menn, að þeir greiði tiltekna upphæð á ári fyrir notkun bryggjunar, í stað lögákveðins gjalds í hvert skifti.

4. gr.

Flutningur má ekki liggja á bryggjunni lengur en nauðsyn krefur. Nýjan fisk, sem lagður er á hana, má ekki slægja þar, heldur skal flytja hann af henni án tafar. Að öðru leyti eru notendur bryggjunnar og aðrir háðir ákvörðunum þeim, er hreppsnefnd og heilbrigðisnefnd setja um góða reglu og hreinlæti á henni.

5. gr.

Þegar byggingarskuld bryggjunnar er að fullu lokin, gerir hreppsnefndin tillögur um hvort lækka skuli gjöld fyrir notkun hennar.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari (4. gr.) varða sektum alt að 30 krónum, er renna í hafnarsjóð verslunarstaðarins á Skipaskaga. Með mál útaf slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1912, og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 20. júní 1912.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.